

Efling og uppbygging sögustaða
941. mál, þingsályktunartillaga
154. löggjafarþing 2023–2024.

Umsögn

Hólum í Hjaltadal, 13. maí, 2024

Undirrituð lýsir yfir ánægju með að menningar- og viðskiptaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir leggi fram tillögu til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða. Jafnframt bindur undirrituð vonir við að þingsályktunartillagan efli og festi í sessi í þjóðmenningarstaði í hinum dreifðu byggðum eins og Hóla í Hjaltadal sem áhugaverðan áfangastað fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem erlenda.

Hólar í Hjaltadal eru meðal söguríkustu staða Íslands. Í sjö aldir voru Hólar hinn raunverulegi höfuðstaður Norðurlands og helsta menningarsetur. Löng og merkileg saga Hólastaðar ásamt þeirri stórbrotnu náttúru sem umlykur staðinn er einstaklega sterkur grunnur til að byggja á menningar- og náttúrtengda ferðamennsku. Á árum áður var Hólastaður einn af helstu áfangastöðum Norðurlands en hefur látið undan á umliðnum áratugum. Hólastaður þarfnast nú brýnna viðhaldsaðgerða og uppbygginu innviða.

Á áfangastöðum fyrri ferðamenn er nauðsynlegt að ákveðnir grunninnviðir séu til staðar til að tryggja öryggi og upplifun. Í dag skorti innviði á Hólum eða þeir eru í slæmu ásigkomulagi.

Eigandi Hólajarðarinnar er íslenska ríkið en Háskólinn á Hólum hefur farið með staðarhald á Hólum þrátt fyrir að skólanum beri ekki til þess lagaleg skylda frá árinu 2013. Skólinn hefur fengið fjármagn frá ríkinu til skólafjárframi en ekki til viðhalds og staðarumsjónar með menningar- og sögustaðnum Hólum í Hjaltadal. Í september 2017 gaf Ríkisendurskoðandi út skýrslu til Alþingis þar sem fram kemur: „Loks hafa forsendur skapast fyrir aðgreiningu á skóla- og staðarhaldi á Hólum og hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.“ „Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að gengið verði frá þessu samkomulagi sem fyrst þannig að aðskilja megi skólahald og staðarhald á Hólum.“ Við þessu hefur ekki verið brugðist af hálfu ráðuneytisins en stofnanir tengdar Hólum skiluðu skýrslu til forsætisráðuneytisins um tillögur að framtíðarskipulagi Hóla og er verið að mynda starfshóp til að taka málið áfram.

Af þessu má sjá að afar mikilvægt er að tillagan um eflingu og uppbyggingu sögustaða sem hér er til umsagnar nái að móta áherslustöðum eins og Hólum í Hjaltadal viðeigandi umgjörð með skýrum hætti til að styðja enn frekar við uppbyggingu menningarferðapjónustu í samráði við viðeigandi ráðuneyti, áfangastaðastofur og aðra hagsmunaaðila, líkt og landeigendur, rekstraraðila og heimafólk.

Hólar í Hjaltadal eru dæmi um þjóðmenningarstað þar sem viðeigandi umgjörð til uppbyggingar menningarferðapjónustu hefur ekki verið til staðar með skýrum hætti. Flækjustig hvað varðar eignarhald, umsjón og ábyrgð hefur komið verulega niður á viðhaldi, daglegri umhirðu, móttöku gesta, staðaranda og reisu staðarins.

Það væri tillögunni til framdráttar að skilgreina betur á hvaða hátt eigi að styðja enn frekar við uppbyggingu menningarferðapjónustu á sögustöðum og móta slíkum áherslustöðum viðeigandi umgjörð.

Með vinsemd og virðingu,

Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum